

95. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 5. desember 2008 í Leifsbúð í Búðardal

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson og Magnús A. Sigurðsson.

Þorleifur Eiríksson komst ekki á fundinn.

Fundarritari: Sigríður E. Elisdóttir.

Formaður setti fund kl. 11:00.

Dagskrá:

Fundargerð 94. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplasin og samþykkt.

Verkefni á verndarsvæði Breiðafjarðar

Þórólfur lagði fram og kynnti auglýsingu frá Húsafriðunarnefnd þar sem í ljósi ástands í efnahagsmálum þjóðarinnar er skorað á sveitarfélög og arkitekta að beina sjónum sínum m.a. að verkefnum varðandi húsakönnun vegna húsaverndar.

Þórólfur sagði frá því að hann hafi haft samband við Karl Sigurðsson hjá Vinnumálastofnun til að kanna stöðu atvinnumála sveitarfélaganna við Breiðafjörð og leita eftir hugmyndum um hvernig hægt sé að skapa tímabundin störf fyrir fólk sem annars mundi þiggja atvinnuleysisbætur, t.d. við húsaskráningar s.s. í þorpinu í Flatey og víðar í eyjunum, skráningu og hnitsetningu ýmissa mannvirkja s.s. lendinga og hjalla og annarra menningarsögulegra minja auk skráningu og hnitsetningu örnefna á jörðum við Breiðafjörð.

Karl greindi honum frá því að verið væri að ljúka reglugerðarsmið um atvinnuskapandi verkefni en ekki var orðið ljóst fyrir fundinn hvernig það yrði útfært. Hann vonaðist þó til að upplýsingar um hvernig staðið verði að útfærslu verkefnisins verði tilbúnar á næstu dögum.

Þórólfur sagði einnig frá því að hann hafi rætt við Óskar L. Arnarsson fornleifafræðing sem unnið hefur við örnefnaskráningar fyrir Reykhólahrepp og beðið hann um að setja upp nokkurs konar "módel" fyrir verkefni sem snýr að yfirfærslu örnefna á Breiðafirði yfir á loftmyndir.

Þórólfur kynnti greinargerð frá Óskari þar sem hann reifar umfang slíks verkefnis.

Nefndarmenn voru sammála um að koma þurfi atvinnuskapandi verkefnum í farveg og kynna fyrir sveitarfélögunum, sem hugsanlega gætu tekið þau upp á sína arma m.a. með mótframlagi við framlag Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Afgreiðsla: Þórólfur og Magnús tóku að sér að vinna drög að minnisblaði þar sem settar verða upp hugmyndir um atvinnuskapandi verkefni. Sveitarfélögunum við Breiðafjörð verður síðan sent bréf og þeim kynntar hugmyndirnar og óskað eftir því að þau komi að verkefnum. Bréfið verður einnig sent umhverfisráðherra og menntamálaráðherra til kynningar.

Önnur mál

Skráning á sögu Breiðafjarðar

Lögð var fram til kynningar áfangaskýrsla Sverris Jakobssonar vegna skráningar á sögu Breiðafjarðar á árinu 2008.



Ramsarskráin og heimsminjaskráin World Heritage

Guðríður sagði frá því að Sigurður Á Þráinsson hjá umhverfiráðuneytinu hafi tekið vel í að koma á fund nefndarinnar og ræða kosti og galla þess að Breiðafjörður fari á Ramsarskrána og heimsminjaskrána.

Afgreiðsla: Sigurður verður boðaður á fund nefndarinnar þann 15. janúar nk.

Samningur við Raunvísindadeild Háskóla Íslands um örnefnaskráningar

Guðrún Gísladóttir hafði ekki tók á að bera drög að samstarfssamningi vegna örnefnaskráninga undir lögfræðing Háskólans fyrir fundinn. Henni verður boðið að koma á janúarfund nefndarinnar og ræða samningsdrögin við nefndarmenn.

Fornleifaskráningar á Breiðafirði

Eiríkur lagði fram til kynningar framvinduskýrslu fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna vegna fornleifarannsókna við Breiðafjörð.

Formlegum fundi var slitið kl. 12:00 og gestir fundarins boðnir velkomnir.

Friðjón Þórðarson var sérstaklega boðinn velkominn og þakkað störf sem formaður Breiðafjarðarnefndar árin 1996 til 2008. Aðrir gestir voru fyrrum nefndarmennirnir Árni Björnsson og Jóhannes Geir Gíslason.

Þorleifur Eiríksson, Róbert A. Stefánsson, Rúnar Gíslason, Ævar Petersen og Sigmundur Einarsson báðu fyrir kveðju til Friðjóns og nefndarmanna.